| | | |
|---|---|---|
| Nr.: GAT-115<br>Útgáfa: 01<br>Dags.: 13.02.2019 | **Menntaskólinn í Kópavogi** | |
| Höfundur: GV<br>Samþykkt: MF<br>Síða 1 af 2 | **Áfangalýsing ÞJSK1FB03** | |

| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 24. okt. 2017 – 1. útg |
| **Námsgrein** | Þjónustusamskipti |
| **Titill** | Ferðaþjónusta og þjónustusamskipti á framhaldsskólabraut |
| **Skammstöfun** | ÞJSK1FB03 |
| **Viðfangsefni** | Þjónustusamskipti |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 1 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 3 |
| **Lýsing áfanga** | Í þessum áfanga er lögð áhersla á þjónustugæði og þjónustusamskipti. Fjallað er um einkenni ferðaþjónustustarfa og ferðamanninn/gestinn sem viðskiptavin. Einnig er fjallað um samskipti í alþjóðlegu umhverfi þar sem sérstaklega er tekið á ólíkum viðhorfum og mismunandi menningu. Áhersla er lögð á tjáningu ásamt rafrænum samskiptum. |
| **Forkröfur áfanga** | Áfangi á framhaldsskólabraut |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• mikilvægi góðrar þjónustu<br>• þjónustugæðum og mikilvægi þess að setja sér skýr markmið í þeim efnum<br>• einkennum ferðaþjónustustarfa<br>• mikilvægi góðra samskipta í alþjóðlegu umhverfi, s.s. viðhorfi, menningu, fordóma o.fl.<br>• ólíkum þörfum og væntingum viðskiptavina/ferðamanna/gesta |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• átta sig á hinum ýmsu einkennum mannlegra samskipta<br>• gera sér grein fyrir sérstöðu ólíkra starfa í ferðaþjónustu |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• eiga samskipti við fólk af ólíku þjóðerni, kyni og aldri byggt á skilningi og virðingu<br>• vinna að bættri þjónustu og betri samskiptum<br>• tjá sig skýrt og skilmerkilega í rituðu og töluðu máli |

| | |
|---|---|
| | • taka ábyrgð á eigin framkomu, afstöðu og sýn á þjónustuhlutverkið |
| **Námsmat** | Símat byggt á leiðsagnarmati, jafningjamati og sjáfsmati |